

Fundargerð 26. október 2015

Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor, Halla Tinna Arnardóttir fulltrúi starfsmanna, Auður H. Ingólfssdóttir varamaður fulltrúa kennara, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara, Hallur Jónasson fulltrúi meistaranema, Elís Bergur Sigurbjörnsson fulltrúi grunnema, Gauti Skúlason fulltrúi grunnema, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu og Stefán Freyr Benónýsson fulltrúi Háskólagáttarnema.

Aheyrrarfulltrúar: Ólafur Ísleifsson gæðastjóri, Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri og Margrét Björgvinsdóttir f.h. íbúaráðs

Fjarverandi: Jóhannes Baldvin Pétursson fulltrúi grunnema,

Fundargerð ritaði Sigrún Jónsdóttir kennslustjóri

Dagskrá

1. **Fundargerð 164 og 165 funda háskólaráðs**
Samþykktar.

2. **Staða gæðamála – ný skýrsla – vinnuhópar**

Gæðastjóri kynnir að í gildi er samkomulag milli gæðaráðs og HB um verkefni á fimm sviðum sem skólinn muni sinna og skili skýrslu um miðjan næst mánuð. Hingað mun koma úttektarnefnd í byrjun desember til að endurmeta mat á skólanum. Þau fimm svið sem eru til umfjöllunar eru; aukin gagnaöflun og hagnýting gagna í starfsemi skólans, stefnumarkandi áætlun um starfsemi skólans, endurskoðun á skipulagi akademískrar starfsemi skólans, endurskoðun á reglum um ráðningu akademískra starfsmanna og stjórnenda og fjármála. Búið er að setja upp ramma fyrir skýrsluna.

Rektor kynnir starf vinnuhóps um tölfræði og söfnun gagna, einnig starf hóps um stefnumarkandi áætlanir sem og starf í fjármálahópnum. Aðstoðarrektor segir frá starfi vinnuhóps um ráðningar akademískra starfsmanna. Gæðastjóri segir frá starfi í hópi um skipulag á akademískri starfsemi. Dagsetningar á mögulegri komu úttektarnefndinnar í desember liggja ekki fyrir. Vinna hópanna er almennt í góðum farvegi.

3. **Fjármál – áætlun 2016**

Fjármálastjóri kynnir stöðu undirbúnings fjárhagsáætlunargerðar næsta árs. Reiknað er með að framlag ríkisins hækki um 34 milljónir króna m.v. framlagt fjárlagafrumvarp. Sömuleiðis er nokkur óvissa með skólagjöldin á næsta ári. Kostnaðarliðir eru nokkuð fyrirséðir.

Rektor kynnir samantekt um þróun verðlags, launa og skólagjalda á Bifröst. Vegna hækkana á verðlagi og launakostnaði frá 2007 er talið að hækka þurfi skólagjöld næsta skólaár. Háskólaráð óskar eftir að miðstjórn setji saman samanburð á kostnaði við að búa á Bifröst annars vegar og í Reykjavík hins vegar. Einnig að óskað verði eftir því að markaðssvið uppfæri upplýsingar um íbúðir á Bifröst og leikskólamálin. Rektor mun fylgja þessu eftir.

4. Viðræður við Íbúðalánasjóð

Fjármálastjóri gerir grein fyrir viðræðum við Íbúðalánasjóð varðandi Kiðá, Vikrafell og Selfell. Tillögur hafa verið lagðar fram af fjármálastjóra og stefnt er að því að ljúka málinu fyrir lok ársins.

5. Skjalastefna

Gæðastjóri kynnir tillögu að skjalastefnu Háskólans á Bifröst, Skjal: S 50, sem var sent til fulltrúa. Staðfesting Þjóðskjalasafns á málalykli skólans liggur fyrir. Samþykkt.

6. Prófareglur

Framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu kynnir breytingartillögur, skv. útsendu skjali. Samþykkt.

7. Ritgerðareglur

Verkefnastjóri kennslu kynnir breytingartillögur við reglur um F180 um ritun lokaritgerða í grunnnámi og við reglur um F230 meistararitgerðir.

Breytingar á reglum F180 samþykktar.

Breytingartillaga kemur fram um að tími sem prófdómari og leiðbeinandi hafi til að skila skriflegri umsögn verði þrjú virkir dagar í stað tveggja sólarhringa eins og nú er í skjali F230. Samþykkt.

Skjalið samþykkt svo breytt.

8. Erindi frá nemanda – trúnaðarmál

9. Háskólagátt/HÍ

Rektor kynnir að í bréfi frá rektor HÍ er skýrt á hvaða forsendum útskrifaðir Háskólagáttarnemar geti hafið nám í HÍ. Niðurstöðunni og inntaki bréfsins er fagnað.

10. Nám fyrir fasteignasala

Rektor kynnir að lögum hafi verið breytt varðandi löggildingu fyrir fasteignasala þannig að nú er erfiðara fyrir starfsfólk á fasteignasölum að komast í löggildingarnámið. EHÍ hefur séð um menntun fasteignasala og til að komast þar inn hefur viðkomandi þurft að vera með stúdentspróf. HB hefur verið hvatt til að koma með tillögu um skipan náms fyrir fasteignasala. Lagabreytinga mun vera þörf vegna þessa, en verið er að vinna að tillögum innan HB varðandi þessa hugmynd.

11. Lögreglunám

Rektor kynnir að um nokkurn tíma hefur verið í skoðun að setja lögreglunám á háskólastig. Málið snýst annars vegar um þekkingarsetur fyrir lögreglunám, s.s. eins og lða er og hins vegar um námið sem slíkt. Starfshópur hefur skilað og ráðuneytið er að vinna úr málinu og leitað verður til háskólanna varðandi mögulega aðkomu skólanna.



12. Önnur mál

- a) Verkefnastjóri kennslu kynnir að kennslumat f. lotu 1 liggur fyrir en hefur ekki verið kynnt í gæðaráði.

Fundi slitið kl. 17.30.

Samþykkt 12. nóv. 2015.